


Rannsóknir á seiðastofnum á vatnasvæði Miðfjarðarár árið 2008

Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Karl Bjarnason

Skagafirði 2009

VMST/09003



Veidimálastofnun Norðurlandsdeild

**Sæmundargata 1, 550 Sauðárkrókur. Sími: 580-6340, Bréfsími: 580-6342
Veffang: www.veidimal.is Netfang: nordurlandsdeild@veidimal.is**

Inngangur og aðferðir

Árlegar rannsóknir á seiðastofnum vatnasvæðis Miðfjarðarár fóru fram með rafveiðum 5. og 6. september 2008. Markmið rannsókna er að afla árlega gagna um styrkleika seiðaárganga svo og útbreiðslu þeirra í vatnakerfinu og vöxt. Þessar upplýsingar eru forsenda fyrir mati á stöðu fiskistofnanna í einstökum ám og vatnakerfinu í heild, sem síðan er grundvöllur ákvarðana um umgengni, endurbætur og nýtingu þeirra hlunninda sem vatnakerfi Miðfjarðarár býður upp á. Ávallt er rafveitt á sömu svæðum í ánum til að fá marktækan samanburð á milli ára og veidd ein umferð á hverjum stað.

Í Vesturá, Austurá og Núpsá var rafveitt á fimm stöðum í hverri á og í Miðfjarðará var veitt á fjórum stöðum. Auk þess var rafveitt í þremur kvíslum í Miðfjarðará, einni austantil í ánni á móts við Bjargshól, annarri vestantil á móts við Brekkulæk og sú þriðja er við Staðarbakka. Einnig var veitt á einum stað í Steinsstaðaá og einum stað í Urriðaá. Stærð rafveiðistaðanna var á bilinu 70 – 385 m² en veitt er minna svæði þar sem þéttleiki seiða er mjög mikill eða aðstæður í ánni bjóða ekki upp á stærra veiðisvæði. Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð hvert fyrir sig áður en þeim var sleppt í ána aftur.

Þéttleiki seiða á hverja 100 m² var reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverjum veiðistað og stærð veiðistaðs. Þar sem aðeins er veidd ein yfirferð og ekki veiðast öll seiði á svæðinu gefur þetta aðeins vísitölu seiðapéttleika en ekki heildarþéttleika: $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis m}^2) * 100\text{m}^2$ (tölur 1-3).

Meðallengd og meðalþyngd allra árganga laxaseiða var reiknuð ásamt ástandsstuðlum á hverjum rafveiðistað (tölur 4-6). Sömu útreikningar voru gerðir fyrir bleikju- og

urriðaseiði í hverjum árgangi í hverri á fyrir sig (töflur 7-12). Ástandsstuðull er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess: $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd}(gr) / \text{lengd}^3(cm)) * 100$.

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar allra árganga laxa- bleikju- og urriðaseiða á hverjum rafveiðistað út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum stað og þéttleika sama árgangs á sama stað: $\text{lífþyngd á } 100 \text{ m}^2 = \text{meðalþyngd}(gr) * \text{þéttleiki á } 100 \text{ m}^2$ (töflur 13-15).

Niðurstöður rafveiða

Vesturá

Efsti rafveiðistaðurinn í Vesturá (staður 2, mynd 1) er nokkuð fyrir neðan Rjúkanda. Þar reyndist þéttleiki árgamalla laxaseiða mjög mikill og næstmestur á öllu vatnakerfinu. Þéttleiki tveggja ára seiða var talsverður og vart varð bæði við vorgömul og þriggja ára seiði (tafla 1, mynd 2). Þéttleiki vorgamalla seiða að þessu sinni reyndist mun minni en undanfarin ár (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir 2005, VMSTN/0501; Bjarni Jónsson, Karl Bjarnason og Eik Elfarsdóttir 2006, VMSTN/0608; Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir 2008, VMSTN/08021).

Fyrir neðan Guðnavörðuhyl er rafveiðistaður 6 (mynd 1). Engin vorgömul laxaseiði fundust, en þó nokkuð var af eins-, tveggja- og þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2).

Næsti rafveiðistaður er fyrir neðan Orrustuhyl (staður 8, mynd 1). Vorgömul laxaseiði reyndust vera þar í talsverðu magni, en mun minna var af eins-, tveggja- og þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2).

Á rafveiðistað 11, sem er næst neðsti rafveiðistaðurinn í ánni, (staður 11, mynd 1) voru árgömul laxaseiði í miklum þéttleika og talsvert var af tveggja ár seiðum. Vorgömul og þriggja ára laxaseiði veiddust einnig en minna var af þeim árgöngum (tafla 1, mynd 2).

Neðsti rafveiðistaðurinn í Vesturá (staður 12, mynd 1) er rétt ofan ármóta við Miðfjarðará. Þar veiddust aðeins vorgömul og eins árs laxaseiði og reyndust báðir árgangarnir vera í frekar litlum þéttleika (tafla 1, mynd 2). Nokkur vorgömul bleikjuseiði veiddust (tafla 2, mynd 8) en þetta var eini rafveiðistaðurinn í Vesturá sem bleikjuseiði fundust á.

Austurá

Á efsta staðnum sem rafveitt var á í Austurá (staður 4, mynd 1) veiddust nú fimm árgangar af laxaseiðum, vorgömul til fjögurra ára. Mikill þéttleiki var af þriggja ára seiðum en einnig var mikið af þessum árgangi á staðnum í rafveiðunum 2007, þá tveggja ára seiði (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir 2008, VMST/08021). Nokkur fjögurra ára seiði veiddust einnig, en sá árgangur hefur ekki fundist í rafveiðum í vatnasvæði Miðfjarðará síðan 2004. Allgóður þéttleiki reyndist vera af vorgömlum og eins árs laxaseiðum en minnst var af tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 3). Auk laxaseiðanna veiddist eitt tveggja ára bleikjuseiði (tafla 2, mynd 9).

Á rafveiðistað 5 (mynd 1) sem er við Aðalból fundust vorgömul laxaseiði í talsverðu magni. Einnig veiddust þar eins-, tveggja- og þriggja ára seiði en þéttleiki þeirra árganga var mun minni (tafla 1, mynd 3).

Fyrir ofan brúna að Skárastöðum er næsti rafveiðistaður (staður 7, mynd 1). Fjórir árgangar laxaseiða veiddust þar, vorgömul til þriggja ára, en allir aldurshóparnir í frekar litlu magni (tafla 1, mynd 3).

Þéttleiki ársgamalla laxaseiða var nokkuð mikill á rafveiðistað 9 (mynd 1) en einnig varð vart við vorgömul, þriggja- og fjögurra ára seiði (tafla 1, mynd 3). Engin tveggja ára laxaseiði fundust á þessum stað.

Neðsti rafveiðistaðurinn í Austurá er rétt ofan ármóta hennar við Núpsá (staður 10, mynd 1). Þar veiddust þrjú árgangar laxaseiða í rafveiðunum 2008 og var nokkuð mikið af

vorgömlu seiðunum, einnig var talsvert af eins árs seiðum en minna reyndist af tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 3).

Núpsá

Efsti rafveiðistaðurinn í Núpsá (staður 5, mynd 1) er rétt fyrir neðan efri Fosskotsfoss en nokkuð fyrir ofan neðri fossinn. Að þessu sinni veiddist þar eitt fimm ára laxaseiði (tafla 1, mynd 4) en engin laxaseiði veiddust á þessum stað 2006 og 2007 (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir 2008, VMST/08021; Bjarni Jónsson, Karl Bjarnason og Eik Elfarsdóttir VMST-N/0608). Hvorki varð vart við bleikju- eða urriðaseiði.

Á næsta stað fyrir neðan, sem einnig er á milli Fosskotsfossanna (stöð 7, mynd 1), veiddust engin seiði í rafveiðum 2008 (tafla 1) frekar en 2006 og 2007 (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir 2008, VMST/08021; Bjarni Jónsson, Karl Bjarnason og Eik Elfarsdóttir 2006, VMST-N/0608).

Á rafveiðistað 8 (mynd 1) veiddust hinsvegar fjórir árgangar laxaseiða. Vorgömul, eins- og tveggja ára seiði voru í talsverðum þéttleika auk þess sem nokkuð veiddist af þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 4).

Heildarþéttleiki laxaseiða í rafveiðunum 2008 var langmestur neðan brúar við Efri Núp (staður 11, mynd 1). Vorgömul, eins- og tveggja ára seiði voru þar í mjög miklum þéttleika og talsvert var einnig af þriggja ára laxaseiðum (tafla 1, mynd 4). Þetta var eini rafveiðistaðurinn í Núpsá sem vart varð við bleikjuseiði og var það á fyrsta ári (tafla 2, mynd 10).

Þéttleiki vorgamalla laxaseiða reyndist einnig mjög mikill á neðsta rafveiðistaðnum í Núpsá (staður 13, mynd 1). Ársögömul og tveggja ára seiði voru þar í talsverðu magni og einnig var nokkuð um þriggja ára laxaseiði (tafla 1, mynd 4).

Miðfjarðará

Efsti rafveiðistaðurinn í Miðfjarðará er á móts við veiðihúsið Laxahvamm (staður 1, mynd 1). Ekki varð vart við vorgömul laxaseiði þar í rafveiðunum 2008, en þéttleiki árgamalla seiða reyndist nokkur auk þess sem þar fundust tveggja- og þriggja ára seiði (tafla 1, mynd 5a). Eitt vorgamalt bleikjuseiði veiddist (tafla 2, mynd 11a) auk nokkurra hornsíla.

Neðan ármóta við Vesturá er rafveiðistaður 2b (mynd 1). Að þessu sinni var hann færður nokkuð ofar í ánni þar sem rask hafði verið á hefðbundna rafveiðistaðnum. Þar veiddust þrjú árgangar laxaseiða og voru vorgömul seiði í mestum þéttleika en minna veiddist af eins- og þriggja ára seiðum. Ekki varð vart við tveggja ára seiði (tafla 1, mynd 5a) en dálítið veiddist af vorgömlum bleikjuseiðum (tafla 2, mynd 11a). Einnig veiddust nokkur hornsíli.

Á rafveiðistað við Grjóthyl (staður 3, mynd 1) veiddust fjórir árgangar af laxaseiðum og var heildarþéttleiki þeirra allmikill. Mest var af vorgömlum seiðum en einnig talsvert af eins- og tveggja ára seiðum, minnstur var hinsvegar þéttleiki þriggja ára seiðanna (tafla 1, mynd 5a). Þá fundust nokkur vorgömul bleikjuseiði í rafveiðunum (tafla 2, mynd 11a) og fáein hornsíli.

Neðsti rafveiðistaðurinn í Miðfjarðará (stöð 4, mynd 1) er fyrir neðan Staðarbakka. Þar reyndist þéttleiki vorgamalla laxaseiða mjög mikill og sá mesti í vatnakerfinu í rafveiðunum 2008. Einnig varð vart við eins árs seiði, en enga eldri árganga (tafla 1, mynd 5a). Þéttleiki vorgamalla bleikjuseiða var nokkur og sá mesti á hefðbundnu rafveiðistöðunum í vatnakerfinu (tafla 2, mynd 11a). Dálítið veiddist af hornsílum.

Eins og á síðustu árum var einnig rafveitt í þremur kvíslum í Miðfjarðará. Í kvísl á móts við Bjargshól veiddust fimm árgangar laxaseiða, þéttleiki vorgamalla til þriggja ára seiða var mjög mikill og vottur var eftir í kvíslinni af fjögurra ára seiðum (tafla 1, mynd 5b).

Einnig veiddust nokkur vorgömul og tveggja ára bleikjuseiði (tafla 2, mynd 11b). Mikill fjöldi hornsíla veiddist í kvíslinni.

Í kvísl vestan megin í Miðfjarðará, á móts við Brekkulæk, var rafveiðistaðurinn færður dálítið neðar vegna lítils vatns á hefðbundnum stað í kvíslinni. Frekar lýgt var og nokkuð djúpt á nýja staðnum. Þar reyndust vorgömul laxaseiði vera í talsvert miklum þéttleika og lítilsháttar fannst af eins árs seiðum. Ekki varð vart við eldri laxaseiði (tafla 1, mynd 5b). Vorgömul bleikjuseiði fundust í litlu magni (tafla 2, mynd 11b) en talsvert magn hornsíla veiddist í kvíslinni.

Þá var einnig veitt í kvísl á móts við Staðarbakka. Hún reyndist að þessu sinni talsvert vatnsminni en undanfarin ár. Vorgömul, eins árs og þriggja ára laxaseiði veiddust og var þéttleiki þriggja ára seiðanna mestur (tafla 1, mynd 5b). Mikið var af vorgömlum bleikjuseiðum í kvíslinn og dálítið af árgömlum seiðum (tafla 2, mynd 11b). Talsvert var þar einnig af hornsílum.

Steinsstaðaá

Í Steinsstaðaá var rafveitt á einum stað, á móts við Barð (mynd 1). Fáein laxaseiði veiddust og voru þau árgömul, tveggja- og þriggja ára (tafla 1, mynd 6). Þá veiddist einnig lítilsháttar af vorgömlum, eins- og tveggja ára bleikjuseiðum (tafla 2, mynd 12). Árgömul og tveggja ára urriðaseiði veiddust einnig í Steinsstaðaá (tafla 3, mynd 14) auk hornsíla.

Urriðaá

Á rafveiðistaðnum í Urriðaá veiddust þrjú árgangar laxaseiða og var þéttleiki þriggja ára seiða mjög mikill, sá mesti sem fannst í vatnakerfinu. Talsvert minna var af vorgömlum og tveggja ára laxaseiðum og engin árgömul laxaseiði fundust (tafla 1, mynd 7). Nokkur bleikjuseiði á fyrsta ári veiddust (tafla 2, mynd 13) og vorgömul, tveggja- og þriggja ára urriðaseiði (tafla 3, mynd 15).

Ástand og lífþyngd seiða í vatnakerfi Miðfjarðarár

Vaxtarskilyrði laxaseiða í vatnakerfi Miðfjarðarár voru mjög góð sumarið 2008 sem ásamt hagstæðum skilyrðum árið áður skila nú nokkuð stórvöxnum seiðum í tveimur yngstu árgöngunum (töflur 4 og 5). Lengd og þyngd beggja árganganna er að jafnaði vel yfir meðaltali síðustu ára. Tveggja og þriggja ára seiðin eru hinsvegar nokkru styttri og léttari en seiði hafa verið að meðaltali undanfarin ár sem veldur því að þau dvelja lengur í ánum eins og sést best á aldurs samsetningu seiðanna í rafveiðunum. Árið 2007 veiddust engin þriggja ára laxaseiði í rafveiðunum (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir 2008, VMST/08021) en 2008 veiddust þau á langflestum stöðum og á sumum þeirra reyndist þéttleikinn talsvert mikill (tafla 1). Ástand, eða holdafar, allra árganga laxaseiða er hinsvegar mjög gott og meðalástandsstuðullinn yfirleitt hærri en 1,0 sem er viðmiðunargildi fyrir holdafar laxaseiða (tafla 6).

Vísitala lífþyngdar laxaseiða var mjög há á mörgum rafveiðistöðum og að jafnaði hærri en undanfarin ár. Einkum er það vegna aukins magns eldri laxaseiða í vatnakerfinu. Mest var heildarlífþyngd laxaseiða á stað 11 í Núpsá (tafla 13), en þar var þéttleiki allra fjögurra árganganna mjög mikill. Lífþyngd vorgamalla, eins- og tveggja ára seiða var mest á rafveiðistað 11 í Núpsá en lífþyngd þriggja ára seiða var mest í Urriðaá (tafla 13).

Bleikjuseiði fundust í öllum ám vatnakerfisins haustið 2008 og voru þau langflest á fyrsta aldursári. Mestur var þéttleiki þeirra og lífþyngd í kvíslinni við Staðarbakka (tafla 2 og 14). Stærð bleikjuseiðanna og ástand var í meðallagi (töflur 7 – 9). Urriðaseiði veiddust aðeins í Steinsstaðaá og Urriðaá og var fjöldi þeirra ekki mikill (töflur 3, 10-12).

Umræður

Laxaseiðabúskapur í Miðfjarðarvatnakerfinu hefur verið góður undanfarin ár, seiði hafa verið vel dreifð um allar árnar (ef frá er skilinn árkaflinn á milli Fosskotsfossa í Núpsá) og árgangar skilað sér vel milli ára. Vorgömul seiði fundust reyndar ekki mjög víða í rafveiðunum 2007 en sá árgangur skilaði sér engu að síður mjög vel sem árs gömul seiði í öllum ánum haustið 2008. Þegar rafveitt var 2007 voru árnar nokkuð vatnsmiklar og geta slíkar aðstæður dregið úr veiðni á sumum árköflum. Einnig tekur það seiði mislangan tíma að dreifa sér um árnar og koma því ekki alltaf fram í veiðum fyrsta árið. Vorgömul seiði veiddust hinsvegar á allflestum stöðum í vatnakerfinu haustið 2008 og í nokkuð miklum þéttleika víða. Gefur það góð fyrirheit um að hrygning hafi tekist vel í ánni haustið 2007, að árgangurinn sé sterkur og vonandi að hann skili sér vel milli ára. Árgangur tveggja ára laxaseiða er ekki alveg eins vel dreifður um vatnakerfið og hinir árgangarnir en þó er töluverðan þéttleika að finna af þeim víða og einna mestur er hann í Núpsá. Töluvert var eftir af þriggja ára seiðum í ánum, mun meira en lengi hefur sést. Göngualdur laxaseiða er því aftur að aukast í ánum.

Vegna góðs tíðarfars undanfarin ár og aukins vaxtar sem því fylgir hafa seiði í ám á norðurlandi farið að ganga fyrir til sjávar en áður þekktist, að miklu leyti voru þau eru þriggja ára og því hefur mun minna sést af þriggja ára seiðum í rafveiðum í nokkur ár. Sumarið 2006 var hinsvegar nokkuð kalt og þokusamt sem hægði aftur á vexti seiða í ánum, hafði það aðallega áhrif á yngstu árgangana það árið. Sumarið eftir var mun betra og seiði uxu aftur vel en seiðin náðu þó ekki að vinna upp styttra vaxtarskeið fyrra árs. Sá árgangur sem reiknað var með að gengi að miklu leyti til sjávar vorið 2008, þá þriggja ára, voru eins árs þetta þokusumar og höfðu ekki öll náð nægilegri stærð og þroska síðastliðið vor til að ganga út. Þéttleiki þessa árgangs var þó mikill í öllum ánum og þrátt fyrir að aðeins hluti hans gengi út var það líklega svipuð ganga ef ekki stærri en þær sem fóru út árin tvö þar á undan. Þau seiði sem eftir sátu í ánni af þessum árgangi munu ganga út vorið 2009 ásamt hluta af þeim seiðum sem voru tveggja ára í rafveiðunum 2008, seiðin í þeim árgangi eru þó einnig nokkuð smávaxin og mun ganga úr honum einnig skiptast á tvö ár að einhverju leyti.

Seiði voru nokkuð misstór í ánum í vatnakerfinu, einna smæst voru þau í Vesturá og þar mun líklega einna stærsti hluti tveggja ára seiða 2008 sitja eftir í eitt ár til í ánni og ganga þá til sjávar vorið 2010, það fer þó að nokkru leyti eftir tíðarfari vorið 2009. Ganga úr Vesturá verður líklega aðeins minni vorið 2009 en árin á undan.

Í hinum ánum voru tveggja ára seiðin hinsvegar orðin það löng haustið 2008 að reikna má með að stærri hluti þeirra gangi til sjávar. Í Austurá var sá árgangur reyndar ekki mjög stór en töluvert var eftir af þriggja ára seiðum og eitthvað af fjögurra ára gömlum sem öll munu ganga út og því von á svipaðri göngu þaðan og vorið 2008 sem var nokkuð stærri en göngur árunna á undan. Vorgömul og eins árs seiði voru vel dreifð um Austurá og gefa góð fyrirheit um framtíðina ef fram heldur sem horfir.

Neðri hluti Núpsár var mjög vel setin seiðum og voru allir árgangar laxaseiða þar mjög sterkir. Aðeins eitt fimm ára seiði fannst hinsvegar milli Fosskotsfossa í rafveiðunum 2008 en engin seiði sáust á svæðinu árin tvö þar á undan. Þrátt fyrir að efri hluti árinar komi ekki til með að skila nánast neinum seiðum mun ganga seiða úr Núpsá vorið 2009 að öllum líkindum verða ein sú stærri sem sést hefur lengi en gangan 2008 var þó einnig nokkuð stór.

Í Miðfjarðará sjálfri eru eldri árgangarnir nokkuð gloppóttari en í hinum ánum og ekki hægt að vænta eins góðrar seiðagöngu þaðan þrátt fyrir að hún verði í meðallagi miðað við undanfarin ár. Árkvíslnar halda hins vegar áfram að sanna gildi sitt og eru þær nú farnar að skipta verulegu máli fyrir uppeldi laxaseiða í Miðfjarðará og fjölda gönguseiða úr ánni. Mikilvægt er að því uppbyggingarstarfi verði haldið áfram og staðinn vörður um árkvíslnar á svæðinu.

Ráðist var í veiðistaðagerð í Miðfjarðará við Leirhöfða vorið 2008. Gerðir voru grjótþröskuldar á tveimur stöðum í ánni. Annar staðurinn, sá efri, er fullkláraður en enn þarf að bæta grjóti við þann neðri. Grjótgarðar neðan vatnsborðs ganga út í ána undan rennslisstefnu frá báðum bökkum en opið er á milli þeirra og stríðari straumur þar á milli. Við það grefur frá og myndast skjól og veiðistaðir fyrir lax. Segja má að aðgerðin hafi

heppnast einstaklega vel. Aðeins vantar upp á með neðri staðinn en sá efri hafði á skömmum tíma breyst í ákjósanlegan hvíldarstað fyrir lax. Veiðistaðirnir voru skoðaðir síðla sumars og reyndist þá mikið af laxi við efri veiðistaðinn og ljóst að virkni hans var eins og vonir stóðu til. Nokkuð af laxi veiddist við Leirhöfða vegna þessara nýju veiðistaða sumarið 2008 en betur hefði þurft að kynna þá fyrir veiðimönnum því margir áttuðu sig ekki á tilvist þeirra. Þetta tilraunaverkefni gefur góð fyrirheit um framhaldið og ástæða er til að halda áfram á sömu braut.

Þegar þessi skýrsla er rituð er ekki búið að vinna gögn úr veiðibókum sumarsins 2008 en samkvæmt upplýsingum frá leigutökum veiddust yfir 1700 laxar í vatnakerfinu í heild og er það er hátt yfir meðaltali árána 1974-2007, en aðeins fjórum sinnum á því tímabili hafa veiðst fleiri en 2000 laxar (Guðni Guðbergsson 2008, VMST/08023). Göngur seiða til sjávar hafa verið góðar á síðustu árum og þrátt fyrir að ekki hafi eins mikið gengið út af þriggja ára seiðum vorið 2008 og búist hafði verið við voru það líklega með bestu göngum sem farið hafa úr ánni í allmörg ár. Sá gönguseiðaárgangur á að skila sér aftur í árnar sumarið 2009 sem smálax og ef heimtur laxa úr hafi verða eins góðar og undanfarin ár ætti að vera von á nokkuð góðri veiði næsta sumar eða svipaðri og sumarið 2007. Rannsóknir á seiðastofnum vatnakerfisins benda einnig til þess að göngur seiða til sjávar verði töluverðar vorið 2009 auk þess sem yngri árgangar laxaseiða í ánum virðast vera nokkuð sterkir. Ástand seiðastofna í Miðfjarðarám er almennt mjög gott um þessar mundir.

Tafla 1: Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum á vatnasvæði Miðfjarðarár haustið 2008.

	Stærð (m ²)	Aldur					
		0+	1+	2+	3+	4+	5+
Vesturá							
staður 2	180	0,56	15,00	3,33	0,56		
staður 6	160		4,38	5,63	2,50		
staður 8	180	10,00	1,67	1,11	2,22		
staður 11	144	2,08	10,42	4,17	1,39		
staður 12	336	1,49	1,49				
Austurá							
staður 4	120	3,33	4,17	0,83	8,33	2,50	
staður 5	220	10,00	1,36	0,45	1,36		
staður 7	286	1,05	1,40	1,40	1,40		
staður 9	198	0,51	5,05		0,51	0,51	
staður 10	286	11,89	2,80	1,05			
Núpsá							
staður 5	385						0,26
staður 7	315						
staður 8	225	4,89	7,56	8,44	1,33		
staður 11	70	38,57	30,00	21,43	5,71		
staður 13	210	20,95	6,19	5,24	1,90		
Miðfjarðará							
staður 1	180		3,89	1,11	0,56		
staður 2b	280	3,93	0,71		0,36		
staður 3	108	13,89	4,63	4,63	1,85		
staður 4	144	43,75	0,69				
kvísl við Bjargshól	100	24,00	7,00	11,00	9,00	1,00	
kvísl við Brekkulæk	280	10,00	0,71				
kvísl við Staðarbakka	180	1,11	1,11		1,67		
Steinstaðaá	264		0,76	0,76	0,38		
Urriðaá	150	3,33		2,67	11,33		

Tafla 2: Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum á vatnasvæði Miðfjarðarár haustið 2008.

	Stærð (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Vesturá					
staður 2	180				
staður 6	160				
staður 8	180				
staður 11	144				
staður 12	336	1,79			
Austurá					
staður 4	120			0,83	
staður 5	220				
staður 7	286				
staður 9	198				
staður 10	286				
Núpsá					
staður 5	385				
staður 7	315				
staður 8	225				
staður 11	70	1,43			
staður 13	210				
Miðfjarðará					
staður 1	180	0,56			
staður 2b	280	1,79			
staður 3	108	2,78			
staður 4	144	4,17			
kvísl við Bjargshól	100	3,00		1,00	
kvísl við Brekkulæk	280	0,71			
kvísl við Staðarbakka	180	17,78	2,78		
Steinstaðaá	264	0,38	0,38	0,76	
Urriðaá	150	3,33			

Tafla 3: Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m² á rafveiðistöðum á vatnasvæði Miðfjarðarár haustið 2008.
Aðeins veiddust urriðaseiði í Steinsstaðaá og Urriðaá

	Stærð (m ²)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Steinstaðaá	264		0,38	1,14	
Urriðaá	150	1,33		0,67	1,33

Tafla 4: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxseiða sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarám hennar haustið 2008 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+			5+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vesturá 2	4,80		1	7,74	0,49	27	9,17	0,37	6	11,70		1						
Vesturá 6				7,91	0,30	7	9,16	0,59	9	10,50	0,22	4						
Vesturá 8	4,64	0,28	18	8,57	0,67	3	9,75	0,21	2	10,85	0,34	4						
Vesturá 11	4,77	0,31	3	7,81	0,74	15	9,73	0,31	6	10,65	0,07	2						
Vesturá 12	5,14	0,38	5	7,92	0,65	5												
Austurá 4	4,35	0,24	4	9,08	0,47	5	10,00		1	12,11	0,40	10	14,40	0,75	3			
Austurá 5	4,74	0,51	22	8,20	0,70	3	9,70		1	12,03	0,67	3						
Austurá 7	5,50	0,20	3	8,78	0,36	4	10,45	0,24	4	12,33	0,42	4						
Austurá 9	5,40		1	9,31	0,45	10				12,90		1	12,90		1			
Austurá 10	4,97	0,23	34	8,49	0,65	8	10,33	0,76	3									
Núpsá 5															18,10			1
Núpsá 7																		
Núpsá 8	5,09	0,24	11	8,06	0,65	17	10,07	0,40	19	11,27	0,32	3						
Núpsá 11	5,02	0,30	27	8,00	0,58	21	10,33	0,43	15	11,78	0,46	4						
Núpsá 13	5,39	0,24	44	8,66	0,51	13	10,40	0,47	11	11,70	0,29	4						
Miðfj.á 1				8,23	0,55	7	9,65	0,21	2	11,00		1						
Miðfj.á 2b	4,75	0,77	11	7,45	0,21	2				12,00		1						
Miðfj.á 3	5,31	0,39	15	8,66	0,23	5	10,10	0,10	5	10,70	0,14	2						
Miðfj.á 4	5,60	0,41	63	9,40		1												
Kvísl/Bjargsh	4,96	0,51	24	8,31	0,40	7	10,30	0,52	11	11,63	0,55	9	13,50		1			
Kvísl/vestan	4,53	0,58	28	9,05	0,21	2												
Kvísl/Staðarb	5,05	0,07	2	8,25	0,78	2				11,47	0,15	3						
Steinsstaðaá				9,00	0,00	2	10,95	0,21	2	11,50		1						
Urriðaá	5,44	0,42	5				10,20	0,48	4	11,81	0,58	17						
Allar stöðvar	5,10	0,54	321	8,23	0,71	166	10,04	0,59	101	11,64	0,66	74	13,92	0,87	5	18,10		1

Tafla 5: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarám hennar haustið 2008 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+			5+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vesturá 2	1,30		1	4,73	0,87	27	7,67	1,36	6	17,60		1						
Vesturá 6				5,41	0,56	7	8,54	1,68	8	12,95	0,56	4						
Vesturá 8	1,03	0,25	18	6,70	1,59	3	9,40	0,57	2	13,18	1,80	4						
Vesturá 11	1,10	0,17	3	5,12	1,16	15	9,52	0,70	6	12,90	1,27	2						
Vesturá 12	1,28	0,40	5	5,02	1,20	5												
Austurá 4	0,95	0,17	4	8,30	1,46	5	10,80		1	20,19	1,45	10	35,60	5,60	3			
Austurá 5	1,06	0,36	22	5,87	1,48	3	10,50		1	20,10	4,23	3						
Austurá 7	1,70	0,20	3	7,10	0,70	4	14,05	2,69	4	21,48	4,86	4						
Austurá 9	1,60		1	8,57	1,09	10				24,40		1	28,10		1			
Austurá 10	1,25	0,24	34	6,40	1,39	8	12,43	2,66	3									
Núpsá 5																69,60		1
Núpsá 7																		
Núpsá 8	1,38	0,14	11	5,72	1,49	17	10,98	1,33	19	14,33	1,10	3						
Núpsá 11	1,34	0,24	27	5,69	1,36	21	11,66	1,38	15	18,40	1,94	4						
Núpsá 13	1,59	0,24	44	6,99	1,14	13	12,31	2,03	11	17,98	1,87	4						
Miðfj.á 1				5,94	1,01	7	10,40	0,28	2	15,30		1						
Miðfj.á 2b	1,16	0,48	11	4,15	0,21	2				16,20		1						
Miðfj.á 3	1,62	0,39	15	7,06	0,61	5	12,36	0,47	5	13,25	0,21	2						
Miðfj.á 4	1,86	0,46	63	9,50		1												
Kvísl/Bjargsh	1,31	0,41	24	6,33	1,00	7	12,33	1,38	11	17,49	2,46	9	26,80		1			
Kvísl/vestan	0,94	0,37	28	7,25	0,64	2												
Kvísl/Staðarb	1,65	0,35	2	6,10	1,41	2				15,37	1,19	3						
Steinsstaðaá				7,60	0,14	2	13,75	0,92	2,0	15,90		1						
Urriðaá	1,68	0,38	5				11,30	1,39	4	18,01	3,26	17						
Allar stöðvar	1,40	0,46	321	6,03	1,57	166	11,15	2,11	100	17,46	3,48	74	32,34	5,98	5	69,60		1

Tafla 6: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarám hennar haustið 2008 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+			5+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vesturá 2	1,18		1	1,01	0,05	27	0,99	0,04	6	1,10		1						
Vesturá 6				1,09	0,05	7	1,09	0,11	8	1,12	0,04	4						
Vesturá 8	1,02	0,12	18	1,05	0,06	3	1,01	0,01	2	1,03	0,06	4						
Vesturá 11	1,01	0,07	3	1,07	0,19	15	1,03	0,05	6	1,07	0,08	2						
Vesturá 12	0,92	0,07	5	1,00	0,06	5												
Austurá 4	1,15	0,06	4	1,10	0,04	5	1,08		1	1,14	0,10	10	1,19	0,05	3			
Austurá 5	0,97	0,09	22	1,05	0,05	3	1,15		1	1,14	0,09	3						
Austurá 7	1,02	0,01	3	1,05	0,07	4	1,24	0,28	4	1,14	0,15	4						
Austurá 9	1,02		1	1,06	0,04	10				1,14		1	1,31		1			
Austurá 10	1,01	0,09	34	1,03	0,06	8	1,12	0,05	3									
Núpsá 5																1,17		1
Núpsá 7																		
Núpsá 8	1,05	0,08	11	1,07	0,05	17	1,07	0,08	19	1,00	0,01	3						
Núpsá 11	1,05	0,08	27	1,09	0,05	21	1,06	0,08	15	1,09	0,28	4						
Núpsá 13	1,01	0,10	44	1,07	0,09	13	1,09	0,10	11	1,12	0,09	4						
Miðfj.á 1				1,06	0,06	7	1,16	0,11	2	1,15		1						
Miðfj.á 2b	1,03	0,18	11	1,00	0,03	2				0,94		1						
Miðfj.á 3	1,06	0,06	15	1,09	0,05	5	1,20	0,04	5	1,08	0,03	2						
Miðfj.á 4	1,04	0,10	63	1,14		1												
Kvísl/Bjargsh	1,04	0,06	24	1,10	0,12	7	1,13	0,07	11	1,11	0,05	9	1,09		1			
Kvísl/vestan	0,97	0,08	28	0,98	0,02	2												
Kvísl/Staðarb	1,29	0,33	2	1,08	0,05	2				1,02	0,05	3						
Steinsstaðaá				1,04	0,02	2	1,05	0,01	2	1,05		1						
Urriðaá	1,03	0,03	5				1,06	0,04	4	1,08	0,05	17						
Allar stöðvar	1,02	0,10	321	1,06	0,08	166	1,09	0,10	100	1,09	0,10	74	1,19	0,08	5	1,17		1

Tafla 7: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi bleikjuseiða sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarám hennar haustið 2008 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vesturá	5,83	0,44	6						
Austurá							12,20		1
Núpsá	6,60		1						
Miðfjarðará	6,63	0,43	52	7,84	0,38	5	12,20		1
Steinstaðaá	7,40		1	10,70		1	12,30	0,28	2
Urriðaá	6,90	0,41	5						
Allar stöðvar	6,59	0,49	65	8,32	1,22	6	12,25	0,17	4

Tafla 8: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi bleikjuseiða sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarám hennar haustið 2008 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vesturá	1,7	0,4	6						
Austurá							16,00		1
Núpsá	2,80		1						
Miðfjarðará	2,60	0,53	52	4,45	0,57	4	16,60		1
Steinstaðaá	3,70		1	11,20		1	17,20	0,42	2
Urriðaá	2,84	0,46	5						
Allar stöðvar	2,55	0,59	65	5,80	3,06	5	16,75	0,62	4

Tafla 9: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir bleikjuseiði sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarám hennar haustið 2008 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vesturá	0,84	0,06	6						
Austurá							0,88		1
Núpsá	0,97		1						
Miðfjarðará	0,88	0,06	52	0,90	0,05	4	0,91		1
Steinstaðaá	0,91		1	0,91		1	0,92	0,04	2
Urriðaá	0,86	0,04	5						
Allar stöðvar	0,88	0,06	65	0,90	0,04	5	0,91	0,03	4

Tafla 10: Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarám hennar haustið 2008 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vesturá												
Austurá												
Núpsá												
Miðfjarðará												
Steinstaðaá				10,50		1	11,40	0,61	3			
Urriðaá	6,95	0,07	2				10,70		1	14,15	0,64	2
Allar stöðvar	6,95	0,07	2	10,50		1	11,23	0,61	4	14,15	0,64	2

Tafla 11: Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarám hennar haustið 2008 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vesturá												
Austurá												
Núpsá												
Miðfjarðará												
Steinstaðaá				12,50		1	17,23	2,66	3			
Urriðaá	4,05	0,07	2				15,10		1	31,90	4,95	2
Allar stöðvar	4,05	0,07	2	12,50		1	16,70	2,42	4	31,90	4,95	2

Tafla 12: Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir urriðaseiði sem veiddust í Miðfjarðará og hliðarám hennar haustið 2008 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Vesturá												
Austurá												
Núpsá												
Miðfjarðará												
Steinstaðaá				1,08		1	1,16	0,02	3			
Urriðaá	1,21	0,02	2				1,23		1	1,12	0,02	2
Allar stöðvar	1,21	0,02	2	1,08		1	1,18	0,04	4	1,12	0,02	2

Tafla 13: Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.


Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)						Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	5+	
Vesturá							
staður 2	0,7	71,0	25,6	9,8			107,1
staður 6		23,7	48,0	32,4			104,1
staður 8	10,3	11,2	10,4	29,3			61,2
staður 11	2,3	53,3	39,7	17,9			113,2
staður 12	1,9	7,5					9,4
Austurá							
staður 4	3,2	34,6	9,0	168,3	89,0		304,0
staður 5	10,6	8,0	4,8	27,4			50,8
staður 7	1,8	9,9	19,7	30,0			61,4
staður 9	0,8	43,3		12,3	14,2		70,6
staður 10	14,9	17,9	13,0				45,8
Núpsá							
staður 5						18,1	18,1
staður 7							
staður 8	6,8	43,2	92,8	19,1			161,8
staður 11	51,7	170,7	249,9	105,1			577,4
staður 13	33,3	43,3	64,5	34,2			175,3
Miðfjarðará							
staður 1		23,1	11,6	8,5			43,2
staður 2b	4,6	3,0		5,8			13,3
staður 3	22,5	32,7	57,2	24,5			136,9
staður 4	81,3	6,6					87,9
kvísl við Bjargshól	31,5	44,3	135,6	157,4	26,8		395,6
kvísl við Brekkulæk	9,4	5,2					14,6
kvísl við Staðarbakka	1,8	6,8		25,6			34,2
Steinstaðaá		5,8	10,4	6,0			22,2
Urriðaá	5,6		30,1	204,1			239,8

Tafla 14: Vísitala lífþyngdar (gr) bleikjuseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.


Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)				Samtals
	0+	1+	2+	3+	
Vesturá					
staður 2					0,0
staður 6					0,0
staður 8					0,0
staður 11					0,0
staður 12	3,0				3,0
Austurá					
staður 4			13,3		13,3
staður 5					0,0
staður 7					0,0
staður 9					0,0
staður 10					0,0
Núpsá					
staður 5					0,0
staður 7					0,0
staður 8					0,0
staður 11	4,0				4,0
staður 13					0,0
Miðfjarðará					
staður 1	1,2				1,2
staður 2b	3,4				3,4
staður 3	7,5				7,5
staður 4	10,3				10,3
kvísl við Bjargshól	7,5		16,6		24,1
kvísl við Brekkulæk	1,8				1,8
kvísl við Staðarbakka	48,6	12,4			60,9
Steinsstaðaá	1,4	4,2	13,0		18,7
Urriðaá	9,5				9,5

Tafla 15: Vísitala lífþyngdar (gr) urriðaseiða á hverjum 100m² eftir aldri og rafveiðistöðvum. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati. Aðeins veiddust urriðaseiði í Steinsstaðaá og Urriðaá.


Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m ²)				Samtals
	0+	1+	2+	3+	
Steinsstaðaá		4,7	19,6		24,3
Urriðaá	5,4		10,1	42,5	58,0




Mynd 1. Yfirlitskort af vatnasvæði Miðfjarðarár. Rafveiðistaðir eru merktir inn á kortið.




Mynd 2: Lengdar- og aldurssdreifing veiddra laxaseiða í Vesturá haustið 2008.




Mynd 3: Lengdar- og aldurssdreifing veiddra laxaseiða í Austurá haustið 2008.




Mynd 4: Lengdar- og aldurssdreifing veiddra laxaseiða í Núpsá haustið 2008.




Mynd 5a: Lengdar- og aldurssdreifing veiddra laxaseiða í Miðfjarðará haustið 2008.




Mynd 5b: Lengdar- og aldurssdreifing veiddra laxaseiða í Miðfjarðará haustið 2008.




Mynd 6: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Steinstaðaá haustið 2008.




Mynd 7: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Urriðaá haustið 2008.







Mynd 8: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Vesturá haustið 2008.






Mynd 9: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Austurá haustið 2008.




Mynd 10: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Núpsá haustið 2008.




Mynd 11a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Miðfjarðará haustið 2008.




Mynd 11b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Miðfjarðará haustið 2008.




Mynd 12: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Steinsstaðaá haustið 2008.



Mynd 13: Lengdar- og aldurssdreifing veiddra bleikjuseiða í Urriðaá haustið 2008.



Mynd 14: Lengdar- og aldurssdreifing veiddra urriðaseiða í Steinsstaðaá haustið 2008.



Mynd 15: Lengdar- og aldurssdreifing veiddra urriðaseiða í Urriðaá haustið 2008.